

sorgbeygður og lotinn í herðum. Myndin svarar til lýsingarinnar hjá Esajasi spámanni í 53. kapítula:— „... Á honum var engi fegurð, ekkert glæsilegt, að oss gæfi á að líta, ekkert álitlegt, er oss finndist til. Hann var fyrirlitinn og af mönnum yfirgefinn, undirorpinn harðkvælum, auðkenndur af sárum, líkur manni þeim, er menn byrgja fyrir ardlit sín, svo fyrirlitinn, að vér möttum hann einskis.“

Pessi byzantiska frummynd var flutt frá Konstantinopel yfir til Ítalíu á summu 13. aldar, og Orpheus-myndin varð ótíðari. Á 14. öld vann Giotte og fleiri listamenn að því, að sníða byzantisku myndina eftir ítalskri gerð, og færðu þannig nýtt líf í hana.

Í málverki því, er nefnist „Síðasta kvöldmáltíðin“, málaði Leonardo de Vinci svo að lokum Krists-mynd, er síðan hefir svo að segja eingöngu verið skoðuð sem fyrirmund allra Krists-mynda.

Þýðing eftir Viðar.

## Albumsblað.



Ef þú ert, vinur, vini þínum fjær  
og veizt hann ber þig innst í huga sínum,  
þá er hann þér í andans heimi nær,  
ef andlitsmynd hans berðu' í sjóði þínum.

Því sérhver líking, litur, skuggamynd  
oft lér oss meiri gleði' en allt hið sanna.—  
Og draumar veita dögg úr himins lind,  
þótt drjúpi' í vöku eitur höggormstanna.

Viðar.

